

STJÓRNARTÍÐINDI B 30 — 1974

Nr. 225.

486

6. júní 1974.

AUGLÝSING

um breyting á ljósmæðrareglugerð nr. 103 23. okt. 1933
varðandi gjaldskrá ljósmæðra.

Lágmarksbóknun sú, sem ljósmæðrum ber fyrir unnin störf samkv. ákvæðum ljósmæðrareglugerðar nr. 103 23. okt. 1933, skal vera sem hér segir:

Fyrir fæðingarhjálp skv. 24. gr.	kr. 4 600.00
Fyrir fyrstu fjóra daga, tvær vitjanir á dag, kr. 900.00 á dag —	3 600.00
Fyrir næstu 3 daga, ein vitjun á dag, kr. 450.00 á dag	— 1 350.00

Bóknun fyrir ferðatíma er innifalin í töxtunum.

Heimilt er ljósmæðrum einnig að taka kílómetragjald fyrir bifreið samkv. gjaldi ríkisstarfsmanna, sem miðast við fyrstu 10 000 km á ári.

Kauptaxtar þessir miðast við kaupgreiðsluvísitölu 149.89 stig. Miðað við núgildandi kaupgreiðsluvísitölu 159.16 stig má margfalda framangreinda taxa með 1.068.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. júní 1974.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingibjörg R. Magnúsdóttir.

Nr. 226.

20. júní 1974.

AUGLÝSING

um veitingu leyfis til reglubundins áætlunarflugs innanlands.

Samkvæmt VII. kafla laga nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir, sbr. reglugerð nr. 91 20. mars 1973 um fyrirtæki er starfa að loftflutningum, hefur samgönguráðuneytið binn 12. þessa mánaðar veitt Flugfélaginu Vængjum hf. leyfi til reglubundins áætlunarflugs, án einkaréttar, á eftirtöldum flugleiðum:

Reykjavík — Bildudalur — Reykjavík.
Reykjavík — Búðardalur — Reykjavík.
Reykjavík — Reykhólar — Reykjavík.
Reykjavík — Hvammstangi — Reykjavík.
Reykjavík — Hólmavík — Reykjavík.
Reykjavík — Gjögur — Reykjavík.

Leyfið er til flutnings á farþegum, pósti og vörum.

Leyfisveiting þessi gildir til ársloka 1978 að því tilskildu, að félagið hafi þann tíma fullgilt flugrekstrarleyfi.

Samkvæmt heimild í sömu lögum og fyrr getur, hefur samgönguráðuneytið hinn 28. maí s. l. veitt sama félagi sérleyfi til reglubundins flugs á flugleiðinni:

Reykjavík — Reykjahlíð við Mývatn — Reykjavík.

Leyfið er til flutnings á farþegum, pósti og vörum.

Leyfisveiting þessi gildir til 31. desember 1977 með sömu skilyrðum og fyrr greinir.

Samgönguráðuneytið, 20. júní 1974.

Magnús T. Ólafsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

9. júlí 1974.

Nr. 227.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð um Þorgerði Þorvarðsdóttur, húsmæðrakennara, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 9. júlí 1974.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð um Þorgerði Þorvarðsdóttur
húsmæðrakennara, Gerðuminning.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Gerðuminning, og er gefinn til minningar um Guðríði Þorgerði Þorvarðsdóttur, fædda að Stað í Súgandafirði 27. september 1916, er fórst í flugslysini mikla við Héðinsfjörð 29. maí 1947, af vandamönnum hennar og vinum. Sjóðurinn er nú 25 000 krónur — tuttugu og fimm þúsund krónur —.

2. gr.

Sjóðurinn, sem er eign Húsmæðrakennaraskóla Íslands, skal vera í vörslu 5 manna sjóðstjórnar, sem jafnframt er úthlutunarnefnd. Fyrstu stjórn sjóðsins skipa Ragnhildur Þorvarðsdóttir, systir hinnar látnu, Ragnheiður Jónsdóttir, fyrrverandi skólastjóri Kvennaskólans í Reykjavík, Anna Gísladóttir, húsmæðrakennari, Guðrún Markúsdóttir og Þórunn Hafstein, báðar skólasystur Þorgerðar.

Síðar skipi stjórn sjóðsins, sem hér segir, í stað fyrstu sjóðstjórnar jafnóðum og sæti losnar, í sömu röð og að ofan greinir:

1. Fulltrúi af ætt Þorgerðar, skipaður af menntamálaráðherra eftir tilnefningu annarra stjórnarmanna.

2. Skólastjóri Húsmæðrakennaraskóla Íslands.

3. Kennari við Húsmæðrakennaraskóla Íslands, kjörinn á kennarafundi í upphafi skólaárs.

4. Fulltrúi úr Nemendasambandi H. K. Í., kjörinn á aðalfundi sambandsins hverju sinni.

5. Fulltrúi úr hópi nemenda H. K. Í., kjörinn á sameiginlegum fundi nemenda í upphafi skólaárs.

Stjórnin velur sér einn varamann. Hann skal boða á hvern fund og hefur tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt nema hann taki sæti aðalmanns.

Stjórnin skal búsett í Reykjavík eða grennd.

Stjórnin skiptir þannig með sér verkum, að einn er formaður, annar gjaldkeri, þriðji ritari og tveir meðstjórnendur.